

Nd.

282. Nefndarálit

[85. mál]

um frv. til laga um efnahagsaðgerðir.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd fékk frv. til staðfestingar á bráðabirgðalögum frá því 21. ágúst s. l. til meðferðar s. l. mánudag, 24. janúar. Nefndin fjallaði um málið á fimm fundum. Áður hafði nefndin fjallað um málið á sameiginlegum fundum nefnda beggja deilda.

Vinnubrögð.

Pegar 2. umr. fór fram í efri deild hafði úthlutun láglauabóta farið fram og hlotið mikla gagnrýni, svo mikla að þingmenn deildarinnar töldu óverjandi annað en fjárhags- og viðskiptanefnd deildarinnar fengi tækifæri til skoðunar á málinu á ný.

Þá hafði sjávarútvegsráðherra í fjölmiðlum gert grein fyrir tillögu sinni um breytingu á ráðstöfun gengismunar vegna gengisfellingarinnar í ágúst s. l., og töldu þingmenn efri deildar eðlilegt að ráðherrann gerði grein fyrir tillögunni og flytti hana sem breytingartillögu við frv. við meðferð þess í efri deild.

Því var þá lýst yfir, að ítarleg athugun skyldi fram fara á framkvæmd láglauabóta og hvað mætti verða til úrbóta. Auk þess var frá því skýrt, að sjávarútvegsráðherra væri ekki reiðubúinn til þess að leggja fram breytingartillögu sína fyrr en við 1. umræðu málsins í neðri deild.

Það hlaut öllum að vera ljóst, að slík vinnubrögð voru til þess að hefja fyrir málinu. Eðlilegast hefði verið að efri deild hefði fengið tækifæri til þess að ljúka þeim athugunum, sem ástæða var til að fram færu vegna fenginnar reynslu, og þeim breytingum komið fram í efri deild sem ráðherrar höfðu á þrjónunum.

Þessu var öðruvísi farið, eins og áður er nefnt. Því hlaut afgreiðsla neðri deildar svo og fjárhags- og viðskiptanefndar deildarinnar að taka nokkurn tíma, og sýnist ein vika ekki ýkjalangur tími fyrir 40 alþingismenn að fjalla um mál þetta, en 5 mánuðir liðu frá því bráðabirgðalögin voru gefin út þar til neðri deild Alþingis fékk þau til meðferðar.

Ummæli hagsmunaaðila.

Við umfjöllun málsins í nefndinni komu til viðræðna fjölmargir þeir aðilar, sem unnið höfðu að gerð þess eða náíð samráð var haft við og hagsmuna höfðu að gæta.

Verður ekki sagt að þær umræður og upplýsingar, sem fram komu, hafi verið hvetjandi til samþykktar frv., nema síður væri.

Fulltrúar fjármálaráðuneytisins gerðu grein fyrir undirbúningi þess hluta frv., er fjallaði um láglauabætur, og létu í té tölvulista með heildarúthlutunum. Gerðu þeir grein fyrir ýmsum athugunum sem gerðar höfðu verið vegna þeirrar miklu gagnrýni sem fram hafði komið. Tillögur til úrbóta og leiðréttinga eða upplýsingar, hvernig ráðuneytið hygðist haga næstu greiðslu, voru engar.

Fulltrúar ASÍ og BSRB komu til viðræðna, en bráðabirgðalögin gera ráð fyrir samráði við samtök launþega.

Það kom glögglega fram, að samstarf við BSRB hafði nánast ekkert verið og forustumenn BSRB ekkert um láglauabætur fjallað, aðeins formlega mótmælt bráðabirgðalögunum.

Fulltrúar ASÍ virtust hafa haft meira með málið að gera þegar það var í undirbúningi. Það mátti hins vegar glögglega heyra, að menn vildu nú gera eins lítið úr því samráði og hægt var, jafnvel ekki ræða þær breytingar sem gerðar voru skv. þeirra tillögum.

Ljóst mun vera t. d. að upprunalegar tillögur fjármálaráðuneytisins hafi verið að fólk með tekjur undir 10—15 þús. kr. 1981 fengi ekki láglauabætur, en fulltrúar ASÍ hafi fengið hámarkið hækkað í 25 þús. kr. Í annan stað mun ASÍ hafa fengið hámarkið hækkað úr 51 þús. kr. í 75 þús. kr.

Það sýndist ekki hafa verið ýkjamikil hagsmunagæsla þegar ákvæði um láglauabætur voru sett í lög. Ekki virtust menn heldur hafa áhyggjur af því, hvort ríkisstjórnin hefði aflað sér lagaheimildar til áframhaldandi greiðslna á árinu 1983.

Í nefndinni komu fram efasemdir um að svo væri, og leitað var álits lagaprófessors á því, en svör ekki borist vegna hraða á afgreiðslu málsins.

Þá komu til viðræðna við nefndina fulltrúar LÍÚ svo og Sambands skreiðarframleiðenda. Lýstu þeir andstöðu sinni við þá breytingartillögu, sem sjávarútvegsráðherra hefur flutt, og bentu á að þegar væri búið að semja við aðila um ráðstöfun gengismunar og því um brigð á samkomulagi að ræða.

Formaður LÍÚ tjáði nefndinni að hann hefði gert sjávarútvegsráðherra grein fyrir þessari skoðun sinni.

Framkvæmdastjóri Skreiðarsamlagsins benti á að sú upphæð, sem ríkisstjórnin hygðist ráðstafa skv. tillögunni af gengismun, væri svipuð upphæð og allur gengismunur af skreiðarbirgðum, milli 50 og 60 millj. kr. Benti hann á þá gífurlegu erfiðleika, sem skreiðarframleiðendur hefðu við að glíma vegna söluerfiðleika, og væri ástæða fyrir stjórnvöld að bregðast við með öðrum hætti en þessum. Benti hann m. a. á hvað ríkisstjórn Norðmanna hefði gert til að létta undir með skreiðarframleiðendum til þess að tryggja áframhaldandi skreiðarframleiðslu og koma í veg fyrir erfiðleika á mörkuðunum.

Fulltrúar Seðlabanka og Framkvæmdastofnunar mættu og á fundum nefndarinnar og gáfu þar upplýsingar um ráðstöfun gengismunar, Verðjöfnunarsjóð svo og þá athugun sem gerð hefur verið vegna erfiðleika einstakra sjávrútvegsfyrirtækja á s. l. ári og í ár. Það kom fram hjá fulltrúa Seðlabankans, að ráðstöfun gengismunar skv. tillögum ríkisstjórnarinnar, sem samþykkt á breytingartillögu sjávarútvegsráðherra er ætlað að tryggja, sé einsdæmi, ráðstöfun gengismunar út fyrir sjóði og stofnanir sjávarútvegsins og fiskframleiðslu hefði ekki áður gerst.

Af því, sem að framan er getið, gáfu umræður á fundum nefndarinnar ástæðu til ítarlegri umfjöllunar og athugunar á ýmsum breytingum. Af hálfu ríkisstjórnarinnar var ekki um slíkt að ræða, og fulltrúar hennar á fundum nefndarinnar höfðu þar af leiðandi engar tillögur fram að færa til úrbóta.

Bráðabirgðaráðstafanir.

Allar ráðstafanir núverandi ríkisstjórnar í efnahags- og atvinnumálum eru bráðabirgðaráðstafanir, meira að segja ráðstafanir gerðar með bráðabirgðalögum. Gjarnan hafa fylgt yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og einstakra ráðherra um betri tíð og blóm í haga, þegar tími hefði gefist til að vinna að heildartillögum til lausnar aðsteðjandi vandamála.

Nú er svo komið, þegar nálgast alþingiskosningar og ríkisstjórnin hefur setið í þrjú ár, að aldrei hefur útlitið verið eins dökkleitt og nú.

Enda þótt ytri aðstæður hafi verið okkur óhagstæðar að undanfögnu er öllum ljóst að stefnuleysi og fálmkenndar bráðabirgðaráðstafanir ríkisstjórnarinnar eru höfuðorsök þess, hvernig komið er.

Frá því vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar tók við völdum í september 1978 hafa efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar verið **launaskerðing, skattahækkningar, auknar erlendar lántökur, aukin ríkisumsvif.**

Núverandi ríkisstjórn hefur ekki legið á liði sínu í þessum efnum, og blasir nú við yfir 70% verðbólga og að erlendar skuldir muni nema um 55% af þjóðarframleiðslu yfirstandandi árs vegna óhóflegrar notkunar stjórnvalda á erlendu lánsfé og mikils viðskiptahalla.

Eins og áður sagði hefur ríkisstjórnin með bráðabirgðaráðstöfunum síðan reynt að bjarga einhverju, en það hefur, eins og ráðherrar sjálfir hafa sagt, verið of lítið og komið of seint.

Mergurinn málsins er hins vegar sá, að engar raunhæfar tillögur hafa verið lagðar fram vegna ósamstöðu stjórnaraðila.

Það skorti ekki upptalningu loforða með þeim bráðabirgðalögum sem hér eru til umræðu. Hvorki meira né minna en 21 atriði er talið upp sem átti að verða til þess að lagfæra ástand mála, auk meginatriða bráðabirgðalaganna sjálfra.

Það sýnir best hvernig ráðstafanir ríkisstjórnarinnar hafa reynst, að við stöndum ekki aðeins í sömu sporum og við stóðum fyrir 6 mánuðum, heldur hefur okkur miðað aftur á bak.

Hvað staðfestir betur **stjórnleysið** og **stefnuleysið** en staðreyndir þær sem við blasa.

Kjaraskerðing.

Í 13 skipti hefur verið gripið til verðbótaskerðinga frá því 1978. Þeir aðilar, sem höfðu hvað hæst um „**samninga í gildi**“, hafa nú staðið fyrir um 50% verðbótaskerðingu frá 1978, en grunnkaupshækkningar hafa numið innan við 30%.

Því hefur verið haldið fram af stjórnarsinum, að þessar ráðstafanir væru svipaðs eðlis og þær ráðstafanir er ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar beitti sér fyrir vorið 1978.

Því fer víðs fjarri, að svo sé. Þær ráðstafanir voru samræmdar efnahagsaðgerðir, en það skiptir öllu máli. Þær ráðstafanir voru afleiðingar samninga um mjög miklar grunnkaupshækkningar á skömmum tíma. Þegar í ljós kom, að í ófni stefndi með slíkar grunnkaupshækkningar, var gripið inn í af stjórnvöldum með takmarkaðri skerðingu verðbóta. Ekki var það gert með bráðabirgðalögum, heldur málið lagt fyrir Alþingi og rætt þar. Komu þær ráðstafanir ekki til framkvæmda fyrr en Alþingi hafði haft þær til meðferðar og þingmenn fengið tækifæri til þess að afla allra gagna og tíma til umræðna. Nú eru gefin út bráðabirgðalög þegar ekkert knúði til þeirrar útgáfu og vitað var að ríkisstjórnin hafði ekki lengur meiri hluta í neðri deild Alþingis. Þá má benda á að verðbótaauki var í gildi 1978, til viðbótar venjulegum verðbótum á laun.

Nú hefur þróunin leitt í ljós að þrátt fyrir mótmæli launþegasamtakanna 1978 hafa launþegasamtökin nú sætt sig við niðurfellingu verðbótaaukans, sætt sig við efnahagslögin frá 1979, með skerðingarákvæðum, eða 13 sinnum skerðingu á verðbótum frá því í september 1978.

Þrátt fyrir þessa breyttu stefnu launþegasamtakanna sýnir sig að efnahagslífið og atvinnulífið hafa aldrei verið verr komin en nú.

Til þess að bæta þeim lægst launuðu þeirra kjaraskerðingu var ákveðið að verja 175 millj. kr. til láglaunabóta. Eins og fram hefur komið er mikil gagnrýni á þær reglur og þá framkvæmd sem við hefur verið höfð við greiðslur láglaunabóta. Mjög vafasamt er að þær hafi komið að tilætluðu gagni og lagastoð vegna greiðslna 1983 alveg óviss.

Skattahækkanir.

Á sama tíma og lögfest er helmingslækkun verðbóta 1. desember til þess að draga úr verðbólguhraðanum hækkar ríkisstjórnin vörugjaldið sem leiðir af sér verðhækkun á ýmsum almennum neysluvörum. Er það gert undir því yfirskini að afla tekna til greiðslu láglaunabóta.

Hér er enn einu sinni á fölskum forsendum verið að afla ríkissjóði tekna til þess að auka enn á ríkisumsvifin.

Sú fjárhæð, sem hækkun vörugjalds skilar ríkissjóði, mun á gildistímanum skila tvöfaldri þeirri upphæð sem bráðabirgðalögin gera ráð fyrir að greidd verði í láglaunabætur á árunum 1982 og 1983.

Þessi þáttur bráðabirgðalaganna er í algerrri mótsögn við þann tilgang sem sagður er vera með lögunum, enda hefur árangurinn berlega sýnt sig þegar horfurnar í dag eru metnar og við stöndum verr en í ágúst mánuði.

Gengismunur.

Þegar slíkar ráðstafanir hafa verið gerðar hefur ráðstöfun gengismunar gjarnan verið ákvörðuð í lögum. Hvort það er rétt eða röng ráðstöfun, hvort rétt getur verið í eitt skipti en ekki annað, skal ósagt látið. Það, sem mestu máli skiptir, er að slík ráðstöfun er allajafna með samilegu samkomulagi við þá sem telja sig eiga tilkall til gengismunar.

Ráðstöfun gengismunar hefur ætíð verið innan atvinnugreinarinnar eða sjóða hennar, svo sem til Fiskveiðasjóðs, Stofnfjárjóðs, Verðjöfnunarsjóðs og Lífeyrissjóðs sjómanna. Í þessum bráðabirgðalögum er gert ráð fyrir að svo verði áfram.

Þá gerist það við 1. umræðu í síðari þingdeild, að sjávarútvegsráðherra lýsir samþykkt ríkisstjórnarinnar og flytur breytingartillögu við frv. sem felur í sér að nokkrum hluta gengismunar verði ráðstafað til Byggðasjóðs (50—60 millj. kr.) er endurláni sjávarútvegsfyrirtækjum sem eigi í miklum erfiðleikum.

Við endurgreiðslu lána renni helmingur til Fiskveiðasjóðs, en helmingurinn verði eign Byggðasjóðs.

Hér er um að ræða að taka gengismun frá sjávarútvegi og ráðstafa til einstakra fyrirtækja sem eiga í rekstrarerfiðleikum. Ekki eru neinar upplýsingar fyrir hendi um að þau fyrirtæki séu í stakk búin til þess að endurgreiða væntanleg lán, og meðan svo er sýnist eiga að taka gengismun og gefa Byggðasjóði og einstökum fyrirtækjum.

Sjálfstæðismenn hafa lýst andstöðu sinni við bráðabirgðalögin, sem þeir telja að síður en svo leysi aðsteðjandi vanda, svo og alla málsmeðferð. Þá eru sjálfstæðismenn andvígir breytingartillögu sjávarútvegsráðherra.

Alþingi, 31. jan. 1983.

Matthías Á. Mathiesen,
frsm.

Albert Guðmundsson.

Sigurlaug Bjarnadóttir.

Einhleypir

Vergar tekjur þús. kr.	Meðal- tekjur þús. kr.	Fjöldi framf.	Fjöldi bóta- þega	Bætur að meðaltali		Breyting bóta frá viðmiðun af tekjum 1000 / %	Fjöldadreifing bótaþega												
				Viðm.- kerfi kr.	Tilr.- kerfi kr.		1000	2000	3000	4000	6000	8000	10000	12000					
20	10.0	7 810	0	0	0	0.0													
40	31.1	12 690	1 560	1 200	1 200	3.4	640	820	*										
60	49.8	13 200	5 410	2 560	2 560	5.0	890	1 210	1 240	1 130	940								
80	69.6	10 730	0	4 014	4 014	5.8	950	570	800	4 410	*								
100	89.6	8 210	3 810	0	2 725	2 725	3.2	480	950	760	810	*							
120	109.6	4 710	70	0	1 831	1 831	1.7	*	*	*	*								
140	128.8	3 070	10	0	3 862	3 862	3.1				*								
160	149.2	2 100	0	0	0	0.0													
180	168.3	830	0	0	0	0.0													
200	189.0	680	0	0	0	0.0													
220	208.6	220	0	0	0	0.0													
250	235.8	480	0	0	0	0.0													
300	274.0	140	10	3 840	3 840	1.5													
350	329.1	30	0	0	0	0.0													
400	375.0	20	0	0	0	0.0													
→	571.9	20	0	0	0	0.0													
Samt.	66.7	64 990	18 250	0	3 065	3 065	4.8	2 600	3 950	2 690	2 750	6 160	100	0	0	0	0	0	0

Heildarupphæð láglæunabóta í millj. kr.

Bætur skv.
viðmiðunarkerfi

Bætur skv.
tilraunarkerfi

Breyting bóta
55.9

Láglæunabætur

0.0

Fylgiskjal II.

Lán úr Bygðasjóði 1972—1981 á verðlagi hvers árs.

Fyrirtæki í sérstakri athugun í jan. 1983.	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981
	Pús. nýkr.	Pús. nýkr.	Pús. nýkr.	Pús. nýkr.	Pús. nýkr.	Pús. nýkr.	Pús. nýkr.	Pús. nýkr.	Pús. nýkr.	Pús. nýkr.
4743-3743 Samtög s.f., Vestmannaeyjum										2 000*
4295-7968 Hraðfrystistöð Eyrarbakka hf.	25		35	97	42	550*	390*	559*	300	1 090*
0412-3727 Árborg hf., Selfossi				176						
6574-3086 Miðnes hf., Sandgerði				88				260*	117	6 000*
4295-7402 Hraðfrystihús Keflavíkur hf.	53							385		
5579-5169 Keflavík hf., Keflavík				88			150			
1489-6562 Bæjanúngerð Hafnarfjarðar							150		80	550*
8134-6720 Sjóli hf., Reykjavík										20
3523-9324 Haförn hf., Akranesi										
9032-7232 Útgerðarfélag Vesturl. hf., Akranesi										1 800*
9038-8034 Útver hf., Ólafsvík										
4295-7569 Hraðfrystihús Patreksfj. hf.	38*	45	25		50	333	270	458	1 292*	850
4295-7763 Hraðfrystihús Tálknafj. hf.		9		50		300*		450		
2342-8652 Fiskvinnslan hf., Bifdudal				60*	481	439*	669	275*	400	1 745*
2377-6081 Fiskidjan Freyja hf., Suðureyri	50	26		50	52			604*	380	925*
4237-9697 Hlaðsvík hf., Suðureyri										1 300*
2342-8083 Fiskidja Sauðarkróks hf.			53					185		300
8165-1884 Skjöldur hf., Sauðarkróki	10	30	30				40			
9032-7208 Útgerðarfélag Skagfirðinga hf.	105	140	20	380*	10	330	500*			
4295-7907 Hraðfrystihúsið hf., Hofsósi			30	20	30	150	250	130	400	750*
9704-6948 Þormóður rammi hf., Siglufirði	53	58			30	279		1 144*		5 800*
9032-7054 Útgerðarfélag KEA, Hrísey				100						
5979-0471 Langanes hf., Húsavík			98*	188						300*
5423-7529 Jökull hf., Raufarhöfn	158*				170*			71*	1 050*	
2342-8792 Fiskvinnslan hf., Seyðisfirði	10	20	15	50		520	100	318*	50	200
1489-2907 Búlandstundur hf., Djúpvaggi		25	31	302*	117	263*	357	1 300	150	7 980
5579-2763 KASK, Hornafirði	50		150	350	130	270		1 340*		1 500*

*) Áð einhverju eða öllu leyti skuldbreyting eða fjárhagsleg endurskipulagning.

Fylgiskjal III.

Listi yfir fyrirtæki, sem fengið hafa lán vegna sérstaks vanda haustið 1981 og á árinu 1982 — alls kr. 73 milljónir. Lánin eru til 10 ára, verðtryggð með 2% vöxtum og afborgunarlaus fyrstu 2 árin.

	Sérstök lán BS:
0412-3727	Árborg h.f., Selfossi 1 000
2342-8121	Fiskiðjan h/f, Vestmannaeyjum 1 000
2342-8652	Fiskvinnslan á Bíldudal h/f 2 000
2528-9595	Garðskagi h/f, Garði 1 000
3100-2125	Fiskiðja Sauðárkróks 500
4295-7178	Hraðfrystihús Eskifjarðar h/f 5 000
4295-7402	Hraðfrystihús Keflavíkur h/f 5 000
4295-7569	Hraðfrystihús Patreksfjarðar h/f 3 000
4295-7658	Hraðfrystihús Stokkseyrar h/f 1 000
4295-7682	Hraðfrystihús Stöðvarfjarðar h/f 1 000
4295-7844	Hraðfrystihús Þórkötlustaða 1 000
4295-7907	Hraðfrystihúsið h/f, Hofsósi 1 200
4295-7968	Hraðfrystistöð Eyrarbakka h/f 1 750
4295-8042	Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h/f 1 000
4295-8123	Hraðfrystistöðin í Reykjavík 1 500
4814-6001	Ísbjörninn h/f, Reykjavík 2 000
5423-7529	Jökull h/f, Raufarhöfn 3 700
5579-5169	Keflavík h/f, Keflavík 300
5975-3339	Krossvík h/f, Akranesi 1 000
6145-3644	Lýsi og Mjöl h/f, Hafnarfirði 750
6566-2760	Meitillinn h/f, Þorlákshöfn 6 000
6574-3086	Miðnes h/f, Sandgerði 1 000
8110-7785	Síldarv. h/f, Neskaupstað 2 000
8134-6526	Sjófang h/f, Reykjavík 870
8805-2382	Sæblik h/f, Kópaskeri 300
8806-5018	Sæfang h/f, Grundarfirði 2 000
8859-0244	Tangi h/f, Vopnafirði 3 000
9032-7100	Útgerðarfélag Ólafsfjarðar h/f 1 000
9032-7232	Útgerðarfélag Skagfirðinga h/f 2 500
9032-7232	Útgerðarfélag Vesturlands h/f 1 000
	Hraðfrystihús Ólafsvíkur 3 750
	Skjöldur h/f, Sauðárkróki 800
	Pormóður rammi, Siglufirði 4 400
	Hraðfrystihús Tálknafjarðar 1 500
	Stemma h/f, Hornafirði 930
	Íshúsfélag Bolungarvíkur 2 000
	Söltunarfélag Dalvíkur h/f 750
	Magnús Gamalielsson h/f, Ólafsvík 1 000
	Kaldbakur h/f, Grenivík 1 000
	Sjöstjarnan h/f, Njarðvík 500
	Kópanes, Patreksfirði 1 500

Fylgiskjal IV.

Listi yfir þau fyrirtæki, sem fengu í Byggðasjóði skuldbreytingalán 1981—82 til viðbótar lánnum vegna sérstaks vanda (sbr. fyrri lista).

	Pús kr.
2342-9121 Fiskiðjan h. f., Vestmannaeyjum	100
2342-9652 Fiskvinnslan h.f., Bíldudal	500
4297-7402 Hraðfrystihús Keflavíkur h.f.	500
4295-7569 Hraðfrystihús Patreksfjarðar h.f.	1 200
4205-7658 Hraðfrystihús Stokkseyrar h.f.	1 200
4295-7682 Hraðfrystihús Stöðvarfjarðar h.f.	600
4295-7907 Hraðfrystihúsið h.f., Hofsósi	480
4295-8042 Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h.f.	250
4295-8085 Hraðfrystistöð Þórshafnar h.f.	280
4295-8123 Hraðfrystistöðin í Reykjavík	200
4252-8166 Ísbjörninn, Rvk	2 000
5423-7529 Jökull h.f., Raufarhöfn	600
5579-5169 Keflavík h.f., Keflavík	700
6566-2760 Meitillinn h.f., Þorlákshöfn	2 400
6574-3086 Miðnes h.f., Sandgerði	100
8110-7785 Síldarv. h.f., Neskaupstað	1 000
8805-2382 Sæblik, h.f., Kópaskeri	240
8806-5018 Sæfang h.f., Grundarfirði	100
8859-0244 Tangi h.f., Vopnafirði	1 000
9032-6929 Útgerðarfélag Dalvíkinga h.f.	680
9032-7100 Útgerðarfélag Ólafsfjarðar h.f.	200
9032-7232 Útgerðarfélag Skagfirðinga h.f.	2 400
9032-7232 Útgerðarfélag Vesturlands h.f.	2 100
Hraðfrystihús Ólafsvíkur	500
Skjöldur h.f., Sauðárkróki	190
Þormóður rammi, Siglufirði	500
Hraðfrystihús Tálknafjarðar	1 500
Stemma h.f., Hornafirði	70
Söltunarfélag Dalvíkur h.f.	550
Magnús Gamalielsson h.f., Ólafsfirði	850
Kaldbakur h.f., Grenivík	160
Sjöstjarnan h.f., Njarðvík	200
Hraðfrystihús Breiðdælinga h.f.	1 400

Fylgiskjal V.

Greiðsluferfiðleikar loðnuverksmiðja, vegna loðnuleysis.

Loðnuverksmiðjur, sem Loðnuleysisnefnd leggur til að fá fyrirgreiðslu (án S.R.)	Tillögur um skiptingu 15 m. kr. styrks og 25 m. kr. láns til verksmiðjanna, fyrir tilstilli ríkisstjórnarinnar ¹⁾		
	Lán	Styrkur	Alls
1. Síldar- og fiskimjölsverksm. Akraness h.f.	2 043	1 225	3 268
2. Svalbarði h.f., Patreksfirði	296	178	474
3. Einar Guðfinnsson h.f., Bolungarvík	1 781	1 069	2 850
4. Síldarverksmiðjan Krossanesi, Akureyri	1 466	880	2 346
5. Ísbjörninn h.f., Seyðisfirði	1 573	943	2 516
6. Síldarvinnslan h.f., Neskaupstað	3 405	2 043	5 448
7. Hraðfrystihús Eskifjarðar h.f.	2 915	1 749	4 664
8. Hraðfrystihús Fáskrúðsfjarðar h.f.	369	221	590
9. Hraðfrystihús Stöðvarfjarðar h.f.	357	215	572
10. Búlandstindur h.f., Djúpavogi	135	81	216
11. Fiskimjölsverksmiðja Hornafjarðar h.f.	346	208	554
12. Fiskimjölsverksmiðjan h.f., Vestmannaeyjum	2 711	1 627	4 338
13. Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h.f., FES	1 438	862	2 300
14. Meitillinn h.f., Þorlákshöfn	964	578	1 542
15. Fiskimjöl og lýsi h.f., Grindavík	935	561	1 496
16. Njörður h.f., Sandgerði	681	409	1 090
17. Lýsi og Mjöl h.f., Hafnarfirði	1 186	712	1 898
18. Síldar- og fiskimjölsverksm. h.f., Rvík.	2 399	1 439	3 838
Samtals þús. kr.	25 000	15 000	40 000

1) Fénu er skipt á fyrirtæki, að hálfu eftir meðalfastakostnaði þeirra 1979—1981 á verðlagi 1981, skv. úrvinnslu Endurskoðunarskrifstofu Sigurðar Stefánssonar h.f. og að hálfu eftir mótteknu magni loðnu til vinnslu 1979—1981, skv. uppl. loðnunefndar.

Fylgiskjal VI.

VERÐHÆKKANAREIKNINGUR II 1982.

Áætlun um gengismun skv. bráðabirgðalögum nr. 79 frá 21. ágúst 1982.

Samtals inngreiddur gengismunur þ. 20. janúar 1983 ásamt vöxtum fyrir árið 1982	kr.	123 500 000
Áætlaður óinnkominn:		
1) Freðfiskur:		
S.H. 20 000 000		
S.Í.S. 5 000 000		
		25 000 000
2) Saltfiskur (S.Í.F.)		6 000 000
3) Skreið		54 000 000
		<hr/>
	kr.	85 000 000
Samtals áætlaður gengismunur	kr.	208 500 000

1+2) Skv. áætlun sölusamtakanna.

3) Hér er miðað við birgðir þ. 22/8 1982 skv. upplýsingum Fiskifélagsins reiknaðar á gengi (18,490) dagsins í dag að frádr. þeim gengismun, sem hefur skilað sér nú þegar.

Óinngreiddur gengismunur af öðrum afurðum eða frá öðrum söluaðilum en að framan greinir er áætlaður lítill og myndi því í engu breyta þessari áætlun.

20.01.1983.

Yfirlit um ráðstafaðan gengismun þ. 20/1 1983.

Skv. 1. tl. 4. gr. (Aflatryggingasjóður)	kr.	80 000 000
Skv. 2. tl. 4. gr. (Byggðasjóður)	kr.	15 000 000
Skv. 3. tl. 4. gr. (Fiskimálasjóður)	kr.	5 000 000
Skv. 4. tl. 4. gr. (Lífeyrissjóður sjómanna)	kr.	2 500 000
		<hr/>
Samtals ráðstafað 20/1 1983	kr.	102 500 000
Enn óráðstafað:		
Skv. 3. tl. 4. gr. (Fiskimálasjóður)	kr.	5 000 000
Skv. 4. tl. 4. gr. (Lífeyrissjóður)	kr.	2 500 000
		<hr/>
Samtals til ráðstöfunar skv. tl. 1—4	kr.	110 000 000

VERÐJÖFNUNARSJÓÐUR FISKIÐNAÐARINS

Upplýsingar um stöðu sjóðsins þ. 1. janúar 1983 teknar saman að ósk fjárhags- og viðskiptanefndar Nd. Alþingis. Sent formanni nefndarinnar, Halldóri Ásgrímssyni.

Áætlun um stöðu Verðjöfnunarsjóðs þ. 1. janúar 1983.
(í þús. kr.)

Deild fyrir frystar fiskafurðir:		
Freðfiskur	518	
Rækja	254	
Hörpudiskur	15 765	
Humar	35 380	
	<hr/>	51 917
Deild fyrir saltfiskafurðir:		
Óverkaður og söltuð ufsaflök	85 200	
Verkaður (þurr)	22	
	<hr/>	85 222
Deild fyrir saltsildarafurðir		290
Deild fyrir skreiðarafurðir		125 000
Deild fyrir afurðir sildar- og fiskmjölsverksmiðja:		
1) Loðnumjöl og -lýsi	÷70 000	
Fiskmjöl	62	
Spærlings- og kolmunnamjöl	667	
Síldarmjöl og -lýsi	3 388	
	<hr/>	÷65 883
	Samtals	196 546
1) Staða lánsins, sem tekið var til þess að gera deildinni kleift að standa undir greiðslum vegna verðbóta á loðnuafurðir af framleiðslu tímabilsins 1. október til 31. desember 1981, sbr. lög nr. 81 frá 1981, 3. gr. Lánsfjárhæðin var kr. 42 000 000.		

Fylgiskjal VII.

Seðlabanki Íslands.
Reykjavík, 28. janúar 1983.

Fjárhags- og viðskiptanefnd Neðri deildar,
Hr. form. Halldór Ásgrímsson,
Alþingi, Austurvelli.

Seðlabankinn hefur mótttekið bréf yðar, dags. 27. janúar s. l., þar sem óskað er upplýsinga um þann gengismun, sem væntanlega mun koma fram í Gengismunarsjóð af skreiðarbirgðum tiltekinna fyrirtækja, sbr. lista frá Framkvæmdastofnun ríkisins sem mótttekinn var sama dag.

Seðlabankinn hefur ekki tök á að svara nákvæmlega þeirri spurningu sem að ofan er greind, heldur verður að áætla út frá þeim tölum, sem tiltækar eru, hver gengismunur umræddra fyrirtækja yrði væntanlega. Til þess að veita nákvæmar upplýsingar yrðu að liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um birgðir fyrirtækjanna, gæði birgðanna, hvort um er að ræða þorsk eða aðrar tegundir eða þorskhausu, en þær upplýsingar liggja ekki fyrir.

Hjálagt er listi, sem sýnir endurkeypt skreiðarlán vegna umræddra fyrirtækja, eins og þau voru 26. janúar s. l., skipt á framleiðslutímabili. Gengismunur ber að greiða af framleiðslu ársins 1981 og framleiðslutímabili 1982/1. Endurkeypt lán vegna skreiðarbirgða þessara fyrirtækja, sem greiða ber gengismun af, nema samtals kr. 56 948 970 og er sú upphæð 15,9% af heildarendurkeyptum lánum vegna skreiðarframleiðslu umræddra tímabila. Miðað við það, að tegundir og gæði skreiðarbirgðanna séu hin sömu alls staðar, má ætla að sá gengismunur, sem þessi fyrirtæki ættu að greiða, væri sama hlutfall og að ofan greinir. Áætlaður ógreiddur gengismunur vegna skreiðarbirgða er 54 millj. kr., og 15,9% af þeirri upphæð er kr. 8 586 þús., sem umrædd fyrirtæki ættu að standa skil á miðað við gefnar forsendur.

Rétt er að það komi fram í þessu sambandi, að mikill óvissa er um sölu skreiðarinnar að því er varðar sölumöguleika og ekki síður um það verð, sem fyrir hana kann að fást að lokum. Eru því allar áætlanir um hugsanlegan gengismun afar óvissar.

28. janúar 1983.

Seðlabanki Íslands.
Lánadeild.

Endurkeypt skreiðarlán eftirtalinna fyrirtækja vegna framleiðslu fyrir 23.08.1982.

Nafn fyrirtækis:	Framleiðslutímabil		
	1981 (1)	1982/1 (2)	Alls (1+2)
7473-3743 Samtög sf., Vestmannaeyjum	ekki í viðsk		
4295-7968 Hraðfrystist. Eyrarbakka hf.	628 450	2 970 360	3 598 810
0412-3727 Árborg hf., Selfossi	ekki í viðsk.		
6574-3086 Miðnes hf., Sandgerði	811 030	2 602 340	3 413 370
4295-7402 Hraðfrystihús Keflavíkur hf.	1 316 460	2 476 960	3 793 420
5579-5169 Keflavík hf., Keflavík	76 340	3 736 090	4 497 430
1489-6562 Bæjarútgerð Hafnarfjarðar	3 814 910	4 929 270	8 744 180
6134-6720 Sjóli hf., Reykjavík	ekki í viðsk.		
3523-9324 Haförn hf., Akranesi	119 200	1 743 690	1 862 890
9032-7232 Útgerðarfélag Vesturlands hf., Akran.	ekki í viðsk.		
9038-8034 Útver hf., Ólafsvík	ekki í viðsk.		
4295-7569 Hraðfrystihús Patreksfjarðar hf.	582 460	1 416 750	1 999 210
4295-7763 Hraðfrystihús Tálknafjarðar hf.	275 870	22 700	298 570
2342-8652 Fiskvinnslan hf., Bíldudal	1 252 990	764 700	2 017 690
2377-6081 Fiskiðjan Freyja hf., Suðureyri	0	919 020	919 020
4237-9697 Hlaðsvík hf., Suðureyri	ekki í viðsk.		
2342-8083 Fiskiðja Saudárkróks hf.	0	667 220	667 220
8165-1884 Skjöldur hf., Saudárkróki	555 360	764 460	1 319 820
9032-7208 Útgerðarfélag Skagfirðinga hf.	ekki í viðsk.		
4295-7907 Hraðfrystihúsið hf., Hofsósi	660 790	765 060	1 425 850
9704-6948 Þormóður rammi hf., Siglufirði	940 900	1 173 340	2 122 240
9032-7054 Útgerðarfélag KEA, Hrísey	(finnst ekki í viðsk.)		
5979-0471 Langanes hf., Húsavík	ekki í viðsk.		
5423-7529 Jökull hf., Raufarhöfn	731 690	444 030	1 175 720
2342-8792 Fiskvinnslan hf., Seyðisfirði	4 017 680	4 317 380	8 335 060
1489-2908 Búlandstindur hf., Djúpvogi	1 119 650	649 300	1 768 950
5579-2763 KASK, Hornafirði	0	8 989 520	8 989 520
Alls	17 596 780	39 352 190	56 948 970

Fylgiskjal VIII.

Hr. alþingismaður,
Matthías Á. Mathiesen.

Sem svar við fyrirspurn yðar, sem fram kom á fundi fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar Alþingis í gær, vill ráðuneytið taka eftirfarandi fram:

Ráðuneytið telur enga lagalega fyrirstöðu á því að greiða bætur til láglaunafólks á grundvelli þeirra heimilda sem fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1983 veitir. Ráðuneytið minnir á að mörg dæmi eru þess, að Alþingi hafi veitt framkvæmdavaldinu svipaðar heimildir, og tilgreinir þar sérstaklega liðinn „niðurgreiðslur á vöruverði“, sbr. lið 12-201 í 4. gr. fjárlaga fyrir árið 1983.

Fjármálaráðuneytið, 28. janúar 1983.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

Fylgiskjal IX.

Greinargerð Sigurðar Líndal prófessors 9. des. 1983.

I.

Formaður fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar alþingis, Ólafur Ragnar Grímsson, hefur farið þess á leit, að ég svaraði þeirri spurningu, eftir hvaða reglum reikna ætti út verðbætur á laun, sbr. 1. gr. bráðabirgðalaga nr. 79/1982 um efnahagsaðgerðir, ef frumvarp til staðfestingar þeirra, sem nú hefur verið lagt fyrir efri deild Alþingis, næði ekki samþykki á tímabilinu desember 1982 til febrúar 1983.

Ákvæði það, sem hér er til skoðunar, hljóðar svo:

„Vegna samdráttar þjóðartekna og í þeim tilgangi að draga úr vixlgangi kaupgjalds og verðlags skal frá 1. desember 1982 fella niður helming af þeirri verðbótahækkun launa er ella hefði orðið vegna ákvæða í 48.—52. gr. laga nr. 13/1979, sbr. 5. gr. laga nr. 10/1981.“

Kemur það til viðbótar skerðingarákvæðum í 51.—52. gr. laga nr. 13/1979.

Ef Alþingi fellir frumvarpið til staðfestingar á bráðabirgðalögunum afnemur það meðal annars 1. gr. þeirra. Ákvæðin í 48.—52. gr. laga nr. 13/1979, sbr. 5. gr. laga nr. 10/1981, haldast þá fyrir lög án ofangreinds viðbótarákvæðis. Hér skiptir raunar ekki máli hvort í hlut eiga bráðabirgðalög eða almenn lög sem Alþingi hefur áður samþykkt. Niðurstaðan yrði sú sama.

Til frekari áréttingar skal hér minnt á sérstöðu bráðabirgðalaga. Um það efni segir Ólafur Jóhannesson í ritinu Stjórnskipun Íslands:

„Afleiðingin af afnámi bráðabirgðalaga er yfirleitt hin sama og af ógildingu annarra laga. Þau eru úr sögunni að því er til framtíðarinnar tekur, stofna hvorki rétt né skyldu frá því augnabliki, er þau ganga úr gildi. Hins vegar stendur óhaggð það réttarástand, er þau hafa áður skapað. Gildir það eins þótt Alþingi hafi beinlínis fellt lögina ... Gildi bráðabirgðalaga er því alveg hið sama og annarra laga, á meðan það helst, enda þótt því ljúki með sérstökum hætti. Rétt er þó að vekja athygli á einu atriði. Þegar almenn lög fella

önnur eldri lög úr gildi, er sú brottfelling hinna eldri laga endanleg, og þau ganga ekki aftur í gildi, þó að yngri lögín séu svo aftur niður felld. Þessi regla gildir sennilega ekki um almenn lög, sem bráðabirgðalög fella niður. Verði bráðabirgðalögín ekki útrædd eða séu felld, verður að ætla, að hin eldri almennu lög rakni aftur við.“ (2. útgáfa 1978, bls. 327.)

Ákvæði bráðabirgðalaga, sem fela í sér breytingu á almennum lögum, hljóta að vera undir sömu sök seld. Ef bráðabirgðalögín nr. 79/1982 næðu ekki samþykki yrði afleiðingin samkvæmt þessu hin sama og áður er lýst: Ákvæðin í 48.—52. gr. laga nr. 13/1979, sbr. 5. gr. l. nr. 10/1981, haldast þá óbreytt eins og fyrir gildistöku bráðabirgðalaganna.

Þá kemur til álita, hvort ákvörðun kauplagsnefndar frá 17. nóvember s. l., sem miðuð var við 1. desember, standi óhöggðu til loka verðbótatímabilsins, 28. febrúar 1983, þótt bráðabirgðalögín féllu úr gildi fyrir þann tíma.

Eins og áður er getið hafa bráðabirgðalög að ýmsu leyti sérstöðu sem óþarf er að lýsa í smáatriðum. Mestu máli skiptir að Alþingi á ekki hlut að setningu þeirra. Það væri andstætt meginreglum íslenskrar stjórnskipunar um lagasetningarvald ef sú skipan, sem komið hefur verið á með bráðabirgðalögum, yrði látin haldast gegn vilja Alþingis.

Þá er það enn fremur mat mitt, að brottfelling bráðabirgðalaganna feli í sér svo gagngera breytingu á þeim lagaákvæðum um verðbótahækkun launa, sem kauplagsnefnd lagði til grundvallar við síðasta útreikning sinn, að forsendur fyrir honum séu brostnar, Kauplagsnefnd eigi þá að reikna út verðbætur á laun að nýju og birta tilkynningu þar að lútandi. Þær greiðist síðan launþegum frá þeim degi sem lögín ganga úr gildi. Verðbótaskerðingu þeirri, sem þá er þegar orðin, verður á hinn bóginn ekki haggð nema sett séu sérstök lagafyrirmæli um það.

II.

Á fundi nefndarinnar 7. desember s. l. var um það spurt, hvernig bæri að standa að verðbótahækkun launa næstu verðbótatímabil ef bráðabirgðalögín giltu fram yfir 1. mars 1983.

Í 1. mgr. 1. gr. bráðabirgðalaganna nr. 79/1982 segir að helmingur verðbótahækkunarinnar skuli felldur niður „frá 1. desember 1982“. Lýsti ég þeim skilningi að orðalag ákvæðisins yrði ekki skilið á annan veg en þann, að verðbótahækkunir skertust sem þessu næmi öll verðbótatímabil sem lögín héldu gildi. Öðrum kosti hefði verið nauðsynlegt að kveða á um það berum orðum, til hvaða verðbótatímabila lögín tækju.

Sérfræðingar ríkisstjórnarinnar hafa ekki viljað fallast á þessa túlkun og talið að orðalag hliðstætt þessu hefði ávallt verið skilið svo að það tæki einungis til eins verðbótatímabils. Þá hafa bæði forsætisráðherra og fjármálaráðherra lýst því yfir að aldrei hafi verið til annars ætlast en verðbótaskerðingin næði einungis til tímabilsins 1. desember 1982 til 28. febrúar 1983.

Slíkar yfirlýsingar geta verið til leiðbeiningar við lögskýringu en binda dómstóla ekki. Ég tel því rétt að orða ákvæðið þannig að taki af öll hugsanleg tvímæli. Ella gæti hlotist af málarekstur þar sem engin víska væri fyrir því, að skilningur sérfræðinga eða yfirlýsingar ráðherra fengju staðfestingu.

III.

Eftir fundinn 7. desember var þeirri beiðni komið til mín, að ég segði álit á því, hvort í 2. gr. bráðabirgðalaganna nr. 79/1982 fælist framsal valds umfram það sem stjórnlög leyfðu.

Þetta málefni hef ég ekki haft aðstöðu til að kanna séstaklega á þeim tíma sem mér er ætlaður, en vil þó taka þetta fram:

Alkunnugt er að Alþingi hefur iðulega samþykkt lagagreinar sem fela í sér víðtækt valdaframsal til handhafa framkvæmdavalds. Ég tel að með þessu ákvæði sé í sjálfu sér ekki gengið lengra en fordæmi eru fyrir.

Við ákvæðið er það helst að athuga, að þar er enga vísbendingu að finna um það, við hvað sé átt með orðinu „láglaunafólk“. Rétt hefði verið að skilgreina það.

Hitt er svo annað mál að nauðsynlegt er að Alþingi taki til sérstakrar umfjöllunar stöðu sína gagnvart framkvæmdavaldinu og marki þar stefnu.

Fylgiskjal X.

Hr. prófessor,
Sigurður Líndal,
Lagadeild,
Háskóla Íslands.

31. janúar 1983.

Sú ósk hefur verið borin fram í fjárhags- og viðskiptanefnd Nd. Alþingis, að þér, í framhaldi af greinargerð yðar frá 9. des. s. l., létuð nefndinni í té skoðun yðar á því, hvort fyrir hendi séu næg lagafyrirmæli til greiðslu bóta til láglaunafólks á árinu 1983, að upphæð 125 m. kr., en lagafyrirmæli til greiðslu láglaunabóta 1982 er að finna í 2. gr. bráðabirgðalaga frá 12. ágúst 1982.

Ákvæði um láglaunabætur 1983 er ekki að finna, að dómi fyrirspyrjanda, en á hefur verið bent, að í fjárlögum 1983, 4. gr. lið 09-990, er greiðsluheimild til efnahagsaðgerða að upphæð 130 m. kr.

Nefndarmenn eru að sjálfsögðu reiðubúnir til viðræðna um þetta atriði og nánari útskýringa, ef þörf er á að yðar dómi.

Þá er yður sent bréf fjármálaráðuneytisins, dags. 28. jan. s. l., varðandi efnisatriði þetta.

Með ósk um skriflegt svar yðar við fyrsta hentugt tækifæri.

Virðingarfyllst,

f. h. fjárhags- og viðskiptanefndar Nd.

Guðmundur J. Guðmundsson,
varaform.